*Alþingi*
*Erindi nr. Þ* 135/2443
*komudagur* 30.4.2008

CREDITINFO ÍSLAND
UPPLÝST ÁKVÖRÐUN SKILVIRKARI STJÓRNUN

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríkur Áki Eggertsson
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2008

Með bréfi dags. 10. apríl sl. var Lánstrausti hf. (nú Creditinfo Ísland hf.) gefið kostur á því að tjá sig um fyrirhugaða breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (525. mál, EES reglur, rafræn skráning upplýsinga).

Creditinfo Ísland er hlynnt þeim breytingum er felast í framangreindu lagafrumvarpi og áréttar að félagið, í samstarfi við ríkisskattstjóra, hefur tryggt rafrænt aðgegni að upplýsingum úr hlutafélagaskrá að undanförnum árum. Félagið telur þó rétt að benda á eitt atriði í tengslum við fyrirhugaða breytingu, þ.e. gildi upplýsinga úr hlutafélagaskrá sem miðlað er með rafrænum hætti. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt þá má ælta að rafrænt endurrit úr hlutafélagaskrá jafngildi ekki endurriti veitt með skriflegum hætti. Creditinfo Ísland telur æskilegt að mælt sé fyrir um það í frumvarpinu, að upplýsingar (endurrit) á rafrænu formi verði taldar hafa sömu réttarverkanir og upplýsingar veittar á skriflegu formi, eftir atvikum að fullnægðum tilteknum öryggiskröfum.

Virðingarfyllst,
f.h. Creditinfo Ísland hf.

Hákon Stefánsson,
stjórnarformaður .

Creditinfo Ísland, Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími: 550-9600 / Fax: 550-9601 / creditinfo@creditinfo.is / www.creditinfo.is